

# Lög

## um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Við 1. másl. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða.
- b. 2. másl. hljóðar svo: Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 10. desember 2007.*